

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Markaðsstofu Norðurlands.

1. gr.

Heiti.

Heiti stofnunarinnar er Markaðsstofa Norðurlands. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar skal vera á Akureyri.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur og markmið stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs-, þróunar- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefni fyrir ferðaþjónustuna á Norðurlandi.

4. gr.

Tekjur – ráðstöfun tekna.

Tekjur stofnunarinnar eru: Styrkir og framlög frá ferðaþjónustuaðilum, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum; framlög og aðrar tekjur sem stofnuninni kunna að berast. Tekjum stofnunarinnar skal ráðstafa í þágu markmiða hennar með markaðs- og kynningarstarfsemi, þróunarverkefnum, og á annan þann hátt sem stuðlar að markmiðum stofnunarinnar. Starfsemin er ekki rekin í hagnaðarskyni og skal öllum hagnaði, ef einhver verður, varið til þess að efla starfsemi stofnunarinnar.

5. gr.

Stofnendur.

Stofnandi er Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf., kt. 690703-3350.

6. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 952.000 (níuhundruð fimmtíu og tvö þúsund krónur), sem stofnandi leggur fram.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að öðlast síðar. Stofnandi á engin sérréttindi í stofnuninni.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sjö mönnum sem fara með æðsta vald stofnunarinnar, móta stefnu og vinna að markmiðum hennar. Jafnframt skulu tilnefndir fjórir varamenn. Miða skal við að tveir stjórnarmenn og einn varamaður séu kjörnir af Norðurlandi vestra og þrír stjórnarmenn og einn til vara kjörnir frá Norðurlandi eystra.

Ný stjórn er kosin á aðalfundi stofnunarinnar. Hvert samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar fer með atkvæði í samræmi við gjaldflokk skv 11. gr. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Kjörgengir til stjórnar eru eigendur eða stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eru aðilar að Markaðsstofu Norðurlands. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Annað hvert ár skal kosið um tvo stjórnarmenn og hitt árið um þrjá stjórnarmenn. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn.

Landshlutasamtökin SSNV og SSNE skipa hvort sinn fulltrúa í stjórn auk varamanna skv. gildandi samningi um áfangastaðastofur.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 3. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

Auk aðalfundar skal halda stjórnarfundum a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Formaður stjórnar boðar til funda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar skriflega og skal hann þá haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórn skal sjá um að halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af lög-giltum endurskoðanda.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárvörslu hennar og skal senda Ríkisendurskoðun endurskoðaða reikninga eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Markaðsstofu Norðurlands hefur verið ráðstafað á því ári.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða reksturinn. Framkvæmdastjóri sinnir einnig almennu reikningshaldi og ráðningu starfsliðs auk þess sem hann ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn eftir því sem þörf þykir í samræmi við umfang starfsemi stofnunarinnar og felur þeim verkefni.

9. gr.

Endurskoðun.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

Endurskoðendur skulu ráðnir til eins árs í senn.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og fyrsta reikningstímabilið er árið 2011. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

11. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur stofnunarinnar skal halda eigi síðar en 15. júní ár hvert. Til aðalfundar og auka-aðalfundar skal boða skriflega með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Á aðalfundi fer hvert samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar með atkvæði samkvæmt sínum gjaldflokki, 1 atkvæði fyrir lægsta flokk, 2 atkvæði fyrir næstlægsta flokk og svo framvegis upp í 5 atkvæði fyrir efsta gjaldflokk. Skilyrði þess að samstarfsfélög Markaðsstofu Norðurlands geti nýtt atkvæði sín á aðalfundi eða boðið fram fulltrúa í stjórn er að þau séu skuldlaus við Markaðsstofu Norðurlands.

Ef taka á til meðferðar á aðalfundi eða aukafundi tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði.

Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skulu dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda, liggja frammi á starfsstöð stofnunarinnar. Aðalfundur er ályktunarhæfur ef meira en helmingur meðlima stjórnar mætir á fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema aukins meirihluta sé krafist samkvæmt lögum og/eða skipulagsskrá þessari.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreiknings
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Starfsreglur stjórnar
7. Önnur mál

12. gr.

Fjárhagsáætlun.

Stjórn stofnunarinnar skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Stjórnin skal í samráði við framkvæmdastjóra fylgjast grannt með fjárhag stofnunarinnar einkum með því að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði og skuldbindingum.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar á skipulagsskránni skulu berast stjórn með nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þurfa 2/3 hlutar atkvæða á aðalfundi og 2/3 hlutar meðlima stjórnar að samþykkja tillögu þar um. Með tillögur um að fella niður skipulagsskrá stofnunarinnar eða leggja hana niður, skal farið með sama hætti og breytingartillögur.

14. gr.

Slit.

Komi til þess að sjálfseignarstofnunin verði lögð niður, skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður og samræmist tilgangi hennar.

Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

15. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða verði niðurlagning hennar samþykkt, skal leita staðfestingar sýslumanns á slíkri gjörð.

Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 1210/2011 með síðari breytingu nr. 657/2014.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 22. júní 2021.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.